

4. Starfsáætlun nemenda

1. Starfsáætlun nemenda

4.1 Vikulegur stundafjöldi

4.1.1 Yngsta stig - 1. - 4. bekkur

Vikulegur kennslutími nemenda í 1. – 4. bekk er 1200 mínútur.
($1200/40=30$ kennslustundir á viku). Skóladagur hefst hjá yngsta stigi kl. 08:30.

4.1.2 Miðstig - 5. - 7. bekkur

Vikulegur kennslutími nemenda í 5. – 7. bekk er 1400 mínútur.
($1400/40=35$ kennslustundir á viku). Skóladagur hefst hjá miðstigi kl. 8:10.

4.1.3 Unglingastig - 8. - 10. bekkur

Vikulegur kennslutími nemenda í 8. – 10. bekk er 1480 mínútur.
($1480/40=37$ kennslustundir á viku) Skóladagur hefst hjá unglingsstigi kl. 8:10.

4.2 Samfelld stundaskrá með hléum

Við skipulag er miðað við að skóladagur nemenda sé að samfelldur með eðlilegum hvíldar og matarhléum. Stundaskrá nemenda í 1. – 7. bekk er samfelld en í 8. – 10. bekk geta verið göt í stundaskrá vegna valgreina. Reynt er þó að lágmarka það með því að hafa valgreinar að mestu við upphaf og lok skóladags.

4.2.1 Sveigjanleiki innan námssviða í samræmi við viðmiðunarstundaskrá

Í 1. – 7. bekk kenna umsjónarkennarar nemendum flestar kennslugreinar aðrar en íþróttir og list- og verkgreinar. Í þessum árgöngum eru skil milli einstakra námsgreinasviða því ekki fastmótuð og greinasvið hafa ekki endilega fastan tíma á vikulegri stundaskrá. Greinar eru gjarnan samþættar eða mismunandi áherslur eftir tímabilum. Þess er þó gætt að öllum námssviðum sé sinnt eins og ber skv. viðmiðunarstundaskrá.

Í 8.- 10 bekk er vikuleg stundaskrá nokkuð fastmótuð. Þar er greinakennsla ríkjandi og hver námsgrein hefur sinn afmarkaða tíma á stundaskrá. Kennarar hafa þó möguleika á samstarfi um að brjóta upp hefðbundna stundaskrá vegna þverfaglega verkefna þegar við á.

4.3 Valgreinar í 8. – 10. bekk

Hluti af námi nemenda í 8. – 10 bekk eru valgreinar. Í 8. bekk eru 4 valstundir á viku. Í 9 bekk eru valstundir 8 og 4 þeirra bundnar list og verkgreinum. Í 10 bekk eru vikulegar valstundir 8 talsins. Val í 8. – 10. bekk svarar því til tæplega fimmtungs af námstíma nemenda.

Þær valgreinar sem nemendur geta skráð sig í veturinn 2017-2018 eru eftirfarandi:

| 10 bekkur | 9. bekkur | 8. bekkur |
|--|-----------------------------|-----------------------------|
| Árbók | Bakstur | Bakstur |
| Bakstur | Borðspil | Borðspil |
| Borðspil | Forritun | Fab-Lab |
| Evrópskar kvikmyndir og sjónvaprþættir | Förðun | Forritun |
| Förðun | Heimilisfræði | Heimilisfræði |
| Heimilisfræði | Jóga og slökun | Íþróttir og leikir |
| Jóga og slökun | Lopapeysa | Jóga og slökun |
| Kvikmyndagerð | Málmsmíði | Leiklist |
| Ljósmyndun | Myndmennt | Lopapeysa |
| Lopapeysa | Skólahreysti | Málmsmíði |
| Málmsmíði | Skólaleikrit* | Skólahreysti |
| Myndmennt | Spænska | Spænska |
| Skólahreysti | Tilraunir í náttúruvísindum | Tilraunir í náttúruvísindum |
| Skólaleikrit* | Tómstundafræðsla | Tómstundafræðsla |
| Spænska | Trésmíði | Trésmíði |
| Tilraunir í náttúruvísindum | Út um borg og bæ | Út um borg og bæ |
| Tómstundafræðsla | Yndislestur | Yndislestur |
| <i>Trésmíði</i> | Ökunám og vélfræði | |
| Út um borg og bæ | | |
| Yndislestur | | |
| Ökunám og vélfræði | | |

Áfangalýsingar er að finna á heimasíðu skólans www.oldusel.is. Allar valgreinar eru kenndar á hálfis árs grundvelli nema þær sem eru stjörnumerktar (*), en þær eru kenndar allan veturinn. Að auki eiga nemendur kost á að fá metið skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla sem og þátttöku í íþróttum eða skipulögðu sjálfboðaliðastarfi sem hluta af grunnskólanámi sbr. 32. grein grunnskólalaga. Skólinn metur slíkt nám að jafnaði til tveggja stunda. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa skólann ef breytingar verða á ástundun nemandans í viðkomandi félagsstarfi eða sérskólanámi á skólaárinu.

4.4 Tilhögun kennslu, s.s. kennsluáætlanir

Tilhögun náms og kennslu er lýst í bekkjarnámskrám sem eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Kennarar útfæra nánara skipulag náms og kennslu í náms-/kennsluáætlunum hvers skólaárs. Þessar áætlanir eru kynntar foreldrum og nemendum og hafðar aðgengilegar eftir því sem kostur er.

Við skipulag náms og kennslu er lögð áhersla á að taka tillit til aldurs þroska og getu þeirra nemenda sem í hlut eiga. Kennarar bera ábyrgð á því að velja árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við þau hæfniviðmið sem stefnt er að hverju sinni (sbr. Aðalnámskrá bls. 48).

Í Ölduselsskóla er lögð áhersla á samvinnu og teymisvinnu kennara. Eftir því sem kostur er á yngri stigum er litið á hvern árgang sem eina heild til þess að auka sveigjanleika í hópaskipan og fjölbreytni í vinnubrögðum. Áhersla er lög á fjölbreyttar kennsluaðferðir og skapandi þátt náms og kennslu.